



Nefndasvið Alþingis
B.t. Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Grindi nr. P 139/1388
Mudagur 18.2.2011

Hvammstanga 16. febrúar 2011

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamanna (heildarlög), 382.mál.

Almennt um frumvarpið: Tekið er undir meginmarkmið frumvarpsins. Ljóst er að víða um land er þörf á verulegum úrbótum til verndunar viðkvæmra svæða og uppbyggingu aðstöðu til þess að mæta ört vaxandi fjölda ferðamanna. Varðandi fjármögnun sjóðsins er ekki tekin afstaða til fyrirkomulags hennar utan þess er getið er í ábendingum um 3. gr. frumvarpsins hér á eftir. Hins vegar er bent á að aukin almenn skattlagning á ferðaþjónustuna veikir samkeppnisstöðu hennar og getur haft neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækja í greininni.

Athugasemdir við einstaka greinar.

1. gr. Sjóðnum er ætlað það mikilvæga hlutverk að fjármagna uppbyggingu, viðhald og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum. Hins vegar er skilinn er eftir sá vandi sem felst í því að rekstur slíkra staða getur ekki staðið undir sér. Það er t.d. fínt að byggja góð salerni á stað eins og við Dettifoss, en reksturinn (launa- og ferðakostnaður vegna daglegra þrifa oþh) er engu minna vandamál.
2. gr. Sjóðnum er ætlað mikilvægt hlutverk í náttúruvernd og öryggismálum á ferðamannastöðum. Því væri eðlilegt að tryggja að í stjórninni væru sérfræðingar á þessum sviðum, t.d. einn frá Vinnueftirlitinu og einn frá Umhverfisstofnun og fulltrúi sveitarfélagana sem fara með skipulagsvald. Þá væri einnig eðlilegt að þar sætu fulltrúar landshluta þar sem staðbundin þekking á vandamálum á ferðamannastöðum víða um land er verðmæt.
3. gr. Tekjur framkvæmdasjóðsins verða ákvarðaðar á fjárlögum. Talað er um í athugasemdum að fjárhæðin muni endurspeglar 3/5 af tekjum af innheimtu farþega- og gistináttagjaldi. Í athugasemdum við frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald kemur þetta hlutfall einnig fram, og að 2/5 verði til ráðstöfunar fyrir þjófgarða og friðlýst svæði. Ríkisstjórnir og þing verða þó ekki bundin af þessu á hverjum tíma, og því ástæða til að óttast að seilst verði í þessar skatttekjur í öðrum tilgangi þegar fram líða stundir.
4. gr. Engar aths.
5. gr. Frumvarpið tilgreinir Ferðamálastofu sem rekstraraðila sjóðsins, en gerir ekki beinlínis ráð fyrir hvernig kostnaður við umsýslu og rekstur hann greiðist. Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að þar á bæ sé gert ráð fyrir að sá kostnaður sem af þessu hlýst og rúmast ekki innan fjárhagsramma Ferðamálastofu verði fjármagnaður af framlagi til sjóðsins vegna innheimtu farþega- og gistináttagjalds. Þetta þarf að skýra betur, og helst setja fram með skýrum hætti í frumvarpinu sjálfu.
6. gr. Engar aths.
7. gr. Athygli vekur að ekkert bráðabirgðaákvæði um tímasetta endurskoðun er að finna í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald, sem þó gæti talist eðlilegt þar sem frumvörpin eru jafn tengd sem raun ber vitni.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllt
Jón Óskar Pétursson

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri